

Bstj. 4. nóvember 2008

Borgarstjórn Reykjavíkur 4. nóvember 2008

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur og tekið er fyrir fyrsta mál á dagskrá sem er tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um framkvæmd útboða hjá Reykjavíkurborg. Til máls tekur borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

Bstj. 4. nóvember 2008

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um framkvæmd útboða hjá Reykjavíkurborg

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég tala fyrir tillögu borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um framkvæmd útboða sem við leggjum hér fram í ljósi gríðarlegra breytinga á efnahags- og atvinnuumhverfi á undanförunum vikum og mánuðum og í raun og veru stöndum við frammi fyrir algjörlega nýju og breyttu umhverfi. Reykjavíkurborg hefur lengst af og núna um langan tíma ekki þurft að hafa neinar áhyggjur af fjármögnun framkvæmda og því ráðist í það og hagað sínum innkaupareglum með þeim hætti að stór verk skuli boðin út í einu lagi.

Eins hafa reglurnar og útboðslýsingarnar tekið mið af því að við veljum lágsta tilboð í hverju tilviki fyrir sig. Það er í raun og veru alltaf matsatriði hvenær um er að ræða lágsta tilboð og hvenær er um að ræða hagstæðasta tilboð. Eins og ég skil lögin í þessu samhengi, þá hafi í raun og veru framkvæmdaaðili sem er að bjóða út verk svigrúm til þess að leggja mat á það á hverjum tíma. Í sumum tilvikum sem borgin þekkir hefur verið tekið lágstu tilboðum í verk þar sem verktaki hefur ekki náð að klára verkið í ljósi þess að hann hafði í raun og veru aldrei burði til þess að takast á hendur það umfang sem hann síðan hverfur frá.

Þannig að þetta þarf að hafa í huga þegar Reykjavíkurborg vegur og metur tilboð í verk og önnur innkaup, hvort hagstæðasta tilboð er raunverulega það lágsta. Ég held að það þurfi að endurmeta og endurskoða og ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkar innkaupaskrifstofu og innkauparáð að menn séu ekki svo bundnir á klafa skilgreininganna að það sé í raun og veru ekkert val um það þegar menn horfa til þess hvernig mat á að leggja á verðið.

Líka í ljósi efnahagsástandsins og þeirrar staðreyndar að mun minna lánsfjármagn er í umferð núna en gerist og gengur þá er mjög mikilvægt að við horfum til þess að við breytum innkaupareglunum að því leyti að við getum boðið út einstaka verkþætti í hverju verki. Það er að segja að við bjóðum ekki út verkin í heilu lagi eins og við höfum gert heldur bjóðum það út í smærri verkhlutum og það sem við getum líka gert í þessu sambandi er það að við getum hugsanlega lengt framkvæmdatímamann frá því sem verið hefur en eins og margir vita sem þekkjast til á þessum markaði þá hefur framkvæmdahraði í raun og veru verið alltof mikill hjá

Bstj. 4. nóvember 2008

Reykjavíkurborg í allmörg ár og tekið mið af þeirri þenslu sem hefur verið í samfélaginu.

Í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar sem samþykkt var hér 1. október síðastliðinn sem þverpólitísk samstaða var um, var líka talað um það að við ætluðum að ná allt að 15% sparnaði í innkaupamálum Reykjavíkurborgar. Það er líka hlutur sem þarf að hafa í huga þegar við endurskoðum innkaupareglurnar með hvaða hætti menn geta fundið leiðir til þess að ná fram auknum sparnaði í innkaupum. Þess vegna er þessi tillaga hér sett fram af hálfu meirihlutans. Hún er lögð fram í skugga þess atvinnuástands og minnkandi fjármagns sem uppi er í samfélaginu um það að Reykjavíkurborg geti brugðist við með þeim hætti sem hún þarf.

Það er mikilvægt í þessu sambandi að hafa það í huga og leggja ekki þannig út af orðum þess sem hér stendur eða meirihlutans í þessu máli að með því að bjóða verkin út í smærri áföngum eins og hér er lagt til að verði gert, það er ekki gert til þess að koma í veg fyrir það að verkin verði boðin út á Evrópska efnahagssvæðinu. Það mun hins vegar gerast í þeim tilvikum þar sem upphæðin nær ekki ákveðinni stærð en það er mjög mikilvægt að það sé ekki snúið út úr þeim orðum okkar að í ljósi þess að við höfum mun takmarkaðra framkvæmdafé nú en áður að við séum að breyta þessum reglum til þess að fara á svig við EES samninginn. Svo er ekki heldur erum við fyrst og fremst að bregðast við minnkandi fjármagni í umferð og leggjum þessa tillögu fram til þess að bregðast við því um leið og við teljum að við þurfum líka frekara svigrúm til þess að veða og meta gildi einstakra tilboða óháð því hvort um bara lægsta verð er að ræða.

Til þess að fylgja tillögunni úr hlaði þá er hún svohljóðandi og ekki löng:

Borgarstjórn samþykkir að fela innkauparáði að kanna hvort við undirbúning útboða hjá Reykjavíkurborg sé unnt með frekari hætti en nú er gert að bregðast við hinu erfiða efnahagsástandi hér á landi.

Þessi tillaga er hér lögð fram.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Næst tekur til máls borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson.

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um framkvæmd útboða hjá Reykjavíkurborg

Stefán Jóhann Stefánsson: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil þakka Óskari Bergssyni, borgarfulltrúa, og meirihlutanum fyrir að vekja athygli á þessu máli sem vissulega er brýnt fyrir hag borgarbúa. Við þekkjum öll ástandið í efnahagsmálum. Það er með þeim hætti að ástæða er til að óttast að dragi úr atvinnu fólks í byggingariðnaði og því fyllilega skiljanlegt að tillaga af þessu tagi komi fram. Nýlegar ákvarðanir um verkkaup við tvo grunnskóla í borginni vekja einnig upp spurningar um hvort það hafi verið nauðsynlegt að veita erlendum verktökum verkið í ljósi þess að nú harðnar á dalnum hjá innlendum verktökum.

En niðurstaða innkauparáðs eftir talsvert langa og vandlega íhugun og skoðun var hins vegar skýr. Það var ekki hægt annað með tilliti til þeirra laga og reglna sem gilda um opinber innkaup og miðað við það hvernig útboðið var kynnt upprunalega, hvernig að því var staðið. En auðvitað er hægt að kynna og standa að útboðum með ýmsum hætti og meðal annars tiltaka hversu miklu verð ræður og hversu miklu aðrir þættir ráða og setja þetta upp í einkunnir með ákveðnum hlutfallstölum. Þetta er oft gert við útboð og er fyllsta ástæða til þess að skoða það. Hins vegar eru lögín og reglurnar skýrar og þær taka mið, bæði reglurnar og lögín, af því sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það hefur verið spurt að því hvort við séum of hlýðin við að fara eftir þessum reglum. Hvort við séum kaþólskari en páfinn þegar kemur að því að fara eftir Evrópureglunum. Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað og er fyllsta ástæða til þess að bera hana fram og leita svara. Það er að segja hvort að við höfum verið of bláeyg við að fara eftir reglum út í ystu æsar, hvort við hefðum getað gert eitthvað með öðrum hætti. Mér finnst fyllilega ástæða til þess að skoða það. En það er jafnframt ástæða til þess að leita í leiðinni svara við því hvort það sé rétt sem sumir hafa haldið fram, hvort að starfsemi heilla iðngreina geti verið stefnt í hættu vegna þess hvernig við höfum farið eftir þessum Evrópureglum. Hvort þær geri það að verkum að heilar iðngreinar gætu þurrkast út og jafnvel hvort að atvinnuleysi gæti orðið hér meira og langvinnara en ella hefði orðið. Þetta væri náttúrlega mjög slæm niðurstaða og fyllsta ástæða til þess að skoða þátt Evrópureglanna í þessari umræðu ekki síst í ljósi þess sem á sér stað nú um

Bstj. 4. nóvember 2008

stundir og þær marka fleira heldur en innkaupareglurnar og ráða fleiru um hag manna heldur en tengist þessum innkaupareglum.

Varðandi lögin þá eru þau tiltölulega skýr og reglurnar. Við eigum að fylgja, samkvæmt innkaupastefnu borgarinnar, ákvæðum laga og reglna. Við eigum að gæta jafnræðis og væntanlega eigum við að gæta jafnræðis ekki aðeins þegar kemur að innlendum aðilum heldur líka gagnvart þeim sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu en síðan eigum við líka að stuðla að hagkvæmni og rekstri í framkvæmdum Reykjavíkurborgar þannig að þetta má ekki verða til þess að við séum að íþyngja borgarsjóði.

Nú, í 8. grein innkaupareglna sem byggja á lögnum, reyndar fyrri lögum því það er ekki búið að endurskoða þær þó svo að núgildandi lög séu sama eðlis, í 8. grein innkaupareglna segir að „sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum, skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga. Ef gert er ráð fyrir að samningur verði gerður um viðskiptin, skal tekið tillit til lengdar samningstíma að viðbættum framlengingarsamningstíma, auk áætlaðrar fjárhæðar samningsviðskiptanna.“ Síðan segir „Óheimilt er að skipta innkaupum niður eða lækka fjárhæð eða áætlaða fjárhæð innkaupa. Þannig er til að mynda óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila eða skipta eða láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.“

Þetta ákvæði innkaupareglanna byggir á lögnum og í núgildandi lögnum um opinber innkaup, sem eru frá því á síðasta ári, frá 30. mars 2007 nr. 84, þá segir í 23. grein, 4. tl. sýnist mér: „Óheimilt er að skipta upp verki eða innkaupum á vöru og þjónustu í því skyni að innkaup verði undir viðmiðunarfjárhæðum.“ Þetta finnst mér vera nokkuð skýrt í lögnum og þess vegna vaknar hjá mér spurning um það hvort að það geti verið mögulegt að skipta upp verki með þeim hætti sem hugsunin að baki tillögunni bendir til án þess að menn séu að fara á svig við lögin. Þá er bara spurningin hvað við ætlum að gera við lögin og hvað við ætlum að gera við þennan samning um Evrópska efnahagssvæðið.

Í tillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks má semsagt merkja ótta við að þær evrópsku innkaupareglur sem við bindum okkur við séu of stífar og að þær geti valdið meiri vandræðum og usla í atvinnulífi okkar og afkomu iðnaðarmanna

Bstj. 4. nóvember 2008

en ástæða er til. Ég tel þetta vera eðlilegan ótta og fyllsta ástæða til að kanna hvort í fyrsta lagi útfærsla okkar á þessum reglum okkar eins og ég sagði sé óhagstæðari fyrir okkur en ástæða er til. Komi það í ljós að Reykjavíkurborg geti ekki farið öðruvísi að en gert hefur verið hingað til, þá er það niðurstaða út af fyrir sig. En þá vaknar sú spurning hvort við getum gert eitthvað í málinu eða hvort við séum læst inni í þessum Evrópureglum og þurfum að lúta þeim og beita þeim áfram með sama hætti og gert hefur verið hingað til.

Forseti: Borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson tekur til máls.

Bstj. 4. nóvember 2008

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um framkvæmd útboða hjá Reykjavíkurborg

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarfulltrúa Stefáni Jóhanni Stefánssyni fyrir hans innlegg í þessa umræðu og ég held að það sé mikilvægt að við eigum einhver skoðanaskipti um þetta mál hér áður en við ákveðum tillöguna. Ég held að það sé í raun og veru mjög mikilvægt að við hugum að því sem borgarfulltrúi Stefán Jóhann kom hér að að við erum bundin af lögum, innkaupareglum og alþjóðasamningum í okkar innkaupamálum og þess vegna leggjum við þetta mál upp í raun og veru í ljósi stöðunnar í efnahagsmálum. Við höfum í raun og veru ekki staðið frammi fyrir því í langan tíma hjá Reykjavíkurborg að menn hafi ekki trygga fjármögnun á þeim framkvæmdum sem verið er að fara í.

Þess vegna eru þessar reglur settar fram með þeim hætti að við höfum möguleika á því að bjóða verk út í smærri áföngum heldur en við höfum gert fyrst og fremst í ljósi þessa. Ég held að það sé miklu heppilegra fyrir allt atvinnulíf í borginni að við að minnsta kosti förum af stað með verkefni þó að fjármögnun sé ekki kannski að öllu leyti fyrirséð til þess að tryggja atvinnuástand og til að halda hér uppi eðlilegu atvinnustigi miðað við þessar aðstæður.

Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur þegar við tölum fyrir þessum breytingum á innkaupareglum Reykjavíkurborgar, eða að minnsta kosti skilgreiningum í útboðslýsingum ef nægilegt er að fara ekki lengra með málið, að við erum á engan hátt að reyna að fara á svig við EES samninginn með þessum hætti. Íslendingar hafa verið að nýta sér EES samninginn úti um allan heim og þess vegna er mikilvægt að orðspor okkar á þeim vettvangi bíði ekki hnekki heldur erum við fyrst og fremst að bregðast við mjög óvenjulegu ástandi í íslensku efnahagslífi og við teljum að við þessar aðstæður verðum við að gera þessa tilraun eins og hér er lögð fram.

Borgarfulltrúinn spurði líka að því hvort við hefðum þurft að semja við erlenda aðila í útboði á tveimur grunnskólum og það er í raun og veru verkefni sem búið er að vera lengi í vinnslu og eins og borgarfulltrúinn þekkir af störfum sínum í innkauparáði tekur innkaupaferlið langan tíma og mér skilst að útboðsferlið við þessa tvo skóla hafi hafist á vormánuðum, í apríl og júní skilst mér, og lauk í raun

Bstj. 4. nóvember 2008

og veru ekki fyrr en allt var komið hér á hliðina í íslensku efnahagslífi. Þannig að menn geta kannski spurt sig eftir á: Hefði verið eðlilegt að bjóða hlutina út með öðrum hætti en gert var? En þetta er niðurstaðan og það er það sem blasir við.

Hins vegar þegar við ræðum um þessi tvö fyrirtæki verðum við líka að horfa til þess með hvaða hætti verkin hafa farið af stað. Eftir því sem mér skilst þá er verkið við Sæmundarskóla á eftir áætlun og við þurfum að fylgjast í raun og veru mjög náið með því hvort efnahagsástandið hér er að leika þennan verktaka grátt og kannski grárara en það myndi gera við íslenska aðila og hvort hann stendur frammi fyrir því að geta staðið við sínar skuldbindingar miðað við efnahagsástandið. Því verður fylgst með og það er samband á milli Reykjavíkurborgar og þessara aðila þar sem farið er yfir stöðuna og það er metið á hverjum tíma. En það er mikilvægt að nálgast málið með þeim hætti að við búum við mjög sérstakar aðstæður á þessum tíma og erum ekki á nokkurn hátt að fara á svig við þá alþjóðlegu samninga sem þjóðin hefur undirritað og vill standa við og ég vona að þetta svari því ef einhverjar spurningar hafa vaknað.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson tekur til máls.

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um framkvæmd útboða hjá Reykjavíkurborg

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil nú þakka fyrir þessar umræður. Það sem mér finnst aðalvandamálið við tillöguna eins og hún er lögð upp er að hún er kannski ekki nægilega lögð upp. Það er að segja það er nokkuð óljóst í tillögutextanum, það skýrðist aðeins í máli framsögumanns, hvað eigi að fara að skoða. Ég er í raun bara með spurningar í mínum huga sem lúta að því að þáverandi formaður borgarráðs, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, setti af stað eða óskaði eftir því í borgarráði um mitt sumar eða þegar fyrra útboðið sem hér hefur verið nefnt var afgreitt að það færi af stað skoðun á innkaupareglunum og ég man ekki betur en að allt borgarráð hafi tekið undir það. Ég velti fyrir mér: Hvar stendur sú skoðun? Er hér verið að tala um sama málið og hvers vegna er þá verið að koma með þetta svona óljóst orðað inn í borgarstjórn?

Síðan er hitt sem ég vil nú þakka framsögumanni sérstaklega fyrir að ég held að það sé afar mikilvægt að hann hafi leiðrétt í raun það sem eftir honum var haft í fréttum í gær hér úr ræðustóli vegna þess að ég er hræddur um að jafnvel að þótt það geti verið skynsamlegt af fjárhagsástæðum að brytja einstök útboð niður í smærri skammta að þá hafi óheppileg ummæli í fjölmiðlum í gær búið til tortryggni um að það væri til þess að fara í kringum einhverjar reglur. Sem gæti aftur hugsanlega skapað okkur einhvers konar skaðabótakröfu þannig að ég held að það sé mikilvægt að það sé á hreinu að hér er verið að fara í málefnalega skoðun á málefnalegum forsendum en í raun ekki einhverjar æfingar til þess að fara framhjá reglum heldur frekar eins og borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson nefndi að kanna hvernig við höfum innleitt þessar reglur, hvernig þær hafa dugað okkur og kannski er tillagan svona almennt orðuð vegna þess að það er allt undir. Það má út af fyrir sig vera.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um framkvæmd útboða hjá Reykjavíkurborg

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Varðandi það sem að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson nefndi þá er það rétt, það hefur verið ákveðin endurskoðun í gangi. Sú vinna er langt komin og er í raun og veru á lokametrinum og það sem er verið að leggja til hér í dag, sú vinna sem þegar hefur verið hafin og borgarfulltrúinn gat um mun auðvitað nýtast inn í þessari vinnu. Ég held að það sé alveg augljóst og einsýnt eins og borgarfulltrúinn kemur inn á að það eru auðvitað ekkert nema málefnalegar forsendur fyrir þessu.

Tillagan er lögð fram með opnum hætti vegna þess að við teljum að það þurfi að skoða þetta frá mörgum hliðum eins og Óskar Bergsson kom inn á og svo er auðvitað hárrétt að það er auðvitað að einhverju leyti verið að bregðast við ástandi og þess vegna teljum við tilefni til þess að endurskoða þetta. Það er engin fyrirfram gefin niðurstaða hvað það varðar enda er tillagan orðuð þannig að menn geta séð það að fyrir því er ekkert annað en þau rök að það sé þörf á að skoða þetta bæði í ljósi þess sem aðgerðahópurinn sem Dagur B. Eggertsson á nú sæti í hefur ítrekað farið yfir að það sé þörf á ákveðinni endurskoðun og líka með hliðsjón af því ástandi sem við búum við í dag þannig að borgarfulltrúinn getur treyst því að það er ekkert nema málefnalegar ástæður sem fyrir því liggja.

Við þekkjum öll það umhverfi sem við erum í sem er EES umhverfi þar sem við tökum mið af ákveðnum hlutum og eins og Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, kom inn á áðan þá auðvitað njótum við ákveðinnar stöðu erlendis, eða okkar fyrirtæki, það sama á við um þessi fyrirtæki hér heima og það er enginn að fara í kringum þá löggjöf með neinum hætti þannig að það sé alveg skýrt.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

Bstj. 4. nóvember 2008

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um framkvæmd útboða hjá Reykjavíkurborg

Svandís Svavarsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Þessi tillaga lítur nú nokkuð skynsamlega út þar sem hún stendur á blaði og ekkert við því að segja í sjálfu sér heldur kannski frekar því sem sagt er í kringum hana sem hefur verið margt og borgarfulltrúi Óskar Bergsson gerði hér á mjög prúðan og yfirvegaðan hátt grein fyrir þeim markmiðum sem þarna væru undir en kannski á aðeins annan máta á fundi með Samtökum iðnaðarins í gær þar sem að markmiðin voru allnokkuð skýrar greind.

Ég ætla ekki að blanda mér í þann hluta umræðunnar en vara þó við því að menn fari of geyst í því að ræða þau markmið eins og borgarfulltrúinn hefur gert út á við. Sérstaklega vegna mjög viðkvæmrar stöðu Reykjavíkurborgar nú um stundir. Hér hefur komið fram í máli borgarstjóra og jafnframt annarra sem hafa talað hér að skoðun hafi þegar farið fram að því er varðar efni tillögunnar og þessi umræða sé í farvegi á vegum Reykjavíkurborgar og hafi verið um hríð vegna þeirra ástæðna sem hér hafa verið taldar upp og ég get ekki varist þá hugsun að velta fyrir mér hverjar séu þá forsendurnar sem liggja að baki tillögunni og segi af þeim sökum eða velti því upp hvort það væri þá rétt að við flyttum hér tillögu til að mynda um einhverja þá aðra starfsemi sem nú þegar fer fram í Reykjavíkurborg til þess að hnykkja á því að hún fari fram og get ekki varist þá hugsun að hér fari örlítill vottur af sýndarmennsku eða með góðum vilja þörfinni fyrir það að tala skýrt inn í þann hóp sem hér um ræðir og sé ekki að það séu efnisleg rök fyrir því að taka tillöguna til afgreiðslu eins og hún er hér lögð fram af þessum sökum þar sem það er ekkert í henni sem ekki þegar er til skoðunar og ekki þegar er í gangi hjá Reykjavíkurborg og ekki þegar gæti vel komið á borð aðgerðahópsins og því legg ég til að tillögunni verði vísað frá.

Forseti: Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið máli sínu. Hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

Bstj. 4. nóvember 2008

1. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um framkvæmd útboða hjá Reykjavíkurborg

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Örstutt vegna ummæla borgarfulltrúa Svandísar Svavarsdóttur. Það vekur nú nokkra furðu vegna þess að það er alveg hárrétt að það hefur verið ákveðin endurskoðun í gangi en það sem að þessi tillaga sem, eins og borgarfulltrúinn sagði, er skýr og segir orðrétt „að kanna hvort við undirbúning útboða hjá Reykjavíkurborg sé unnt með frekari hætti en nú er gert að bregðast við hinu erfiða efnahagsástandi hér á landi.“

Það var nú þannig að þegar við fórum í þá endurskoðun sem hér hefur verið rædd og það yfirlit sem var farið yfir þessar reglur þá var þetta efnahagsástand ekki á Íslandi heldur var önnur staða. Staðan nú er allt önnur og það væri algjört ábyrgðarleysi vegna þess að menn kalla þetta hér einhverja sýndarmennsku sem ég get alls ekki tekið undir vegna þess að það væri algjört ábyrgðarleysi af hálfu borgaryfirvalda við þær aðstæður sem hér eru uppi, sérstaklega á þeim markaði sem við þekkjum öll og er byggingamarkaðurinn og í raun og veru öll umsýsla framkvæmda hér í borg við þær aðstæður sem nú eru, að bregðast ekki við því og reyna að skoða hvort við getum með einhverjum hætti unnið að þessu við undirbúning útboða hjá okkur eða í okkar reglum.

Þannig að það er nú bara verið að bregðast við því og það á nú ekki að koma borgarfulltrúanum á óvart að þetta er gjörbreytt ástand frá því sem það var þegar þessi vinna fór í gang þannig að hér er ekki á ferðinni nein sýndarmennska. Hér er bara á ferðinni mjög ábyrg tillaga sem lýtur að því að skoða þetta með hliðsjón af þessari stöðu og ég held að við hljótum öll að geta verið sammála um það og við erum að gera þetta og borgarfulltrúinn þekkir það jafn vel og ég því hún á sæti í aðgerðahópnum sem fjallar um þetta ástand mjög reglulega og hefur gert það til dæmis núna í þessari viku, að menn eru að bregðast við þessu ástandi með ýmsum hætti.

Þetta er ein aðferðin til þess að skoða það hvort við getum eitthvað frekar gert heldur en við erum að gera í dag. Það erum við að gera varðandi allskonar hluti. Í velferðarþjónustunni okkar og víðar í allri þjónustu borgarinnar þannig að þetta er ekkert meiri sýndarmennska heldur en aðrir hlutir sem borgaryfirvöld eru að reyna

Bstj. 4. nóvember 2008

að leggja til til þess að vinna með borgarbúum hvort sem það eru aðilar á vinnumarkaði eða íbúarnir almennt til þess að reyna að skoða það hvernig við getum helst komið til móts við þetta ástand.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur borið upp tillögu um að tillögunni verði vísað frá. Þeir sem samþykkja hana. Þeir sem eru á móti. Tillagan er felld með átta atkvæðum gegn sex. Þá verður tillagan eins og hún hefur verið kynnt fyrir fundinum borin undir atkvæði. Ég held að það sé ástæðulaust að lesa hana, það er búið að lesa hana einu sinni. Þeir sem samþykkja tillöguna gefið merki. Þeir sem eru á móti tillögunni. Tillagan er samþykkt með átta atkvæðum. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að taka til máls utan dagskrár.